

## *Erindisbréf Öldungaráðs Árborgar*

### **1. gr.**

#### *Umboð*

Öldungaráð Árborgar starfar í umboði bæjarstjórnar Árborgar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### **2. gr.**

#### *Verksvið*

Öldungaráð starfar samkvæmt 2.mgr. 38. gr. Laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða sem innifelur framkvæmd og þróun öldrunarmála. Ráðið starfar einnig samkvæmt Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Árborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sveitarfélagsins sem varða íbúa 67 ára og eldri. Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarstjórnar, nefnda og ráða. Ráðið fjallar ekki um málefni einstaklinga. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

### **3. gr.**

#### *Hlutverk og markmið*

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og sveitarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við sveitarstjórn að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

#### 4. gr.

##### *Skipan*

Í öldungaráði sitja þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að loknum bæjarstjórnarkosningu og einn til vara. Félag eldri borgara á Selfossi skal skipa einn fulltrúa og einn til vara. Félag eldri borgara á Eyrabakka skal skipa einn fulltrúa og annan til vara. Umsjónarmenn félagsstarfs á Stokkseyri skipa einn fulltrúa og annan til vara.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands skipar einn fulltrúa.

Bæjarstjórn tilnefnir formann ráðsins en ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar. Við kosningu í ráðið skal gætt að kynjahlutföllum og aldursdreifingu. Deildarstjóri Velferðarþjónustu undirbýr og situr fundi þess með málfrelsi og tillögurétt.

#### 5. gr.

##### *Boðun funda, fundaskipulag og fundarsköp*

Öldungaráð skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með bæjarstjórn Árborgar. Sveitarfélagið Árborg sér öldungaráði fyrir fundaraðstöðu.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við deildarstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint í útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Fundir skulu boðaðir með tveggja daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess að birta skal hana á heimasíðu Árborgar ásamt fundargögnum ef við á. Formaður getur boðað til aukafundar eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi. Rafræn fundarboðun og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Öldungaráð skal að öllu jafna svara erindum, þar sem óskað er umsagnar, innan fjögurra vikna frá því að erindi berast.

Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar sem og aðra þá sem talið er þörf á hverju sinni.

## **6. gr.**

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

Fundur ráðsins skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Árlega skal haldinn opinn fundur með félögum eldri borgara á Eyrarbakka, Selfossi og með þátttakendum í félagsstarfi eldri borgara á Stokkseyri. Óheimilt er að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Starfsmaður öldungaráðs skal annast ritun fundargerða ráðsins.

## **7. gr.**

### *Málsmeðferð*

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Um fulltrúa öldungaráðs gildir samþykkt bæjarstjórnar um siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Sveitarfélaginu Árborg.

## **8.gr.**

### *Lagastoð og gildistaka*

Erindisbréf þetta er sett með stoð í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Erindisbréf þetta öðlast gildi með samþykki bæjarstjórnar.

**Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þann 15.maí 2024.**